





Pési

Næsti Pési kemur út í des 2016. Efni þarf að berast í síðasta lagi 2. des 2016.





Frá Bókasafni Hrunamanna



Þriðjudaginn 29. nóvember kl. 16:30 mun rithöfundurinn Gerður Kristný lesa upp úr nýttkominni bók sinni á bókasafninu. Einnig verður hægt að kaupa hjá henni bækur og fá þær áritaðar ef vill.

Gerður skrifar jöfnun höndum verk fyrir börn og fullorðna og hefur sent frá sér skáldsögur, ljóð og leikrit auk annars efnis. Hún hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir verk sín.



Opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18



Jólabækurnar eru farnar að streyma á bókasafnið. Því er um að gera að kíkja við og athuga hvað bíður nýtt og spennandi í hillunum.

Nú er bókasafnið komið á  leitir.is endilega að „líka við“

Alltaf er hægt að skila safngögnum í skilalúguna.



Sjáumst á bókasafninu! ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

nóv 2016
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón: Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

26. árgangur.
309.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Nóvember runninn upp og skammdegið farið að síga að. Á móti má segja að október hafi verið skritin skeppna, nánast ekkert frost og monsúnrigingar í gangi. Það hefur allavega verið rólegt í hálkuvörn-unum til þessa.

Þetta er tíminn sem verið er að vinna í fjárhagsáætlun Hrunamanna-hrepps fyrir árið 2017 og samhliða er unnin fjárhagsáætlun fyrir árin 2018-2020. Sú vinna hefur gengið vel og kann ég starfsfólki skrifstofunnar, forstöðumönnum stofnanna og nefndum þakkir fyrir góða vinnu. Það gefur góða raun að kalla sem flesta að slíkri vinnu, bæði til að fiska eftir góðum hugmyndum og einnig til að sjá að við erum jú öll í sama bátum í þessu brasi.

Búið er að leggja áætlunina fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn og nú tekur við smá vinna við að finnstilla fjárhagsáætlunina sem lögð er fram til seinni umræðu í byrjun desember. Það eina sem getur breyst verulega er ef stór verkefni fara af stað. Til stendur t.d. að skrifa undir samning um heitt vatn, kalt vatn og fráveitu við Lagoon Hotel ehf sem eru að vinna að áformum sínum um stórt hótél á Byggð á Brikum. Ef sú framkvæmd færi af stað myndi það hafa í för með sér virkjun á Kópsvatnsholunni en það væri afskaplega skemmtilegt og koma henni í samband við kerfin okkar.

Að venju þurfum við að hafa fyrir hlutunum til að reksturinn á næsta ári gangi vel upp og við getum verið áfram í viðhaldsverkefnum og fjárfestingum. Það er reyndar gleðilegt að skatttekjur hækka samkvæmt áætlunum á næsta ári en óvissa er hvernig tekjur úr Jöfnunarsjóði koma út. Það sem er aðallega að stríða okkur og öðrum sveitarfélögum eru áhrif þess að ef ekki næst samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda og hækkun lífeyrisaldurs í áföngum, mun mikill kostnaðaruki felast í inn-greiðslum í opinbera lífeyrissjóði. Í okkur tilviki getur það þýtt að launakostnaður hækki um 3-4% sem gætu verið útgjöld upp á ca. 15 millj. Það er algert forgangsverkefni væntanlegrar nýrrar ríkisstjórnar að loka þessu máli.

Annars gerum við ráð fyrir hóflegum launahækkunum á grundvelli kjarasamninga og með hliðsjón af SALEK samkomulaginu. Á árinu 2017 er gert ráð fyrir 3,9% verðbólgu en auðvitað er það ósk okkar allra að hún verði sem minnst. Reynt er almennt að halda gjaldskrárhækkunum í hófi en ljóst er að erfitt er að hækka ekki gjaldskrár þegar verðbólgunni er spáð 3,9% og laun og launatengd gjöld, m.a. lífeyriskostnaður hækka verulega. Við leggjum upp með að rekstartekjur dugi að mestu til fjárfestinga og viðhaldsverkefna. Stærsta viðhaldsverkefnið myndi verða utanhúsviðhald á Flúðaskóla þannig að seinni hluti þaksins á kennsluálmunni verði endurnýjaður. Þá langar okkur til að fara í endurnýjun á gatna- og lagna-kerfi í Akurgerðinu. Þá er það nýmæli í fjárfestingaráætlun okkar að gera ráð fyrir fjármunum í ljósleiðara. Við vitum ekki alveg hvernig þetta verkefni þróast en hvort sem þetta verður að veruleika á næsta ári eða ekki þurfum við að gera okkur tilbúin til að klára þetta verkefni þegar þar að kemur. Þá er gert ráð fyrir verulegum kostnaði við virkjun á Kópsvatns-holunni og einnig langar okkur til að brasa áfram með að þróa íþróttavallarsvæðið við íþróttahúsið.

Sá málflokkur sem við þurfum að hækka mest voru sorpeyðingargjöld. Sorphirðan kallar ekki á stórkostlegar hækkanir en meðhöndlun og eyðing úrgangs kallar á hækkanir á gjaldskrár upp á 7-10%. Við erum búin að ákveða að fara í aðgangsstýringar á gámasvæðinu á Flúðum með því að koma upp hliði inn á svæðið. Það gerum við með að kaupa símahlið en jafnframt yrði komið fyrir samskonar búnaði inn á seyrusvæðið. Það er algerlega óþolandi að aðilar utan sveitarfélagsins geti komið með úrgang inn á svæðið og við verðum að reyna að bregðast við því með einhverjum hætti. Það er líka morgunljóst að bæði einstaklingar og fyrirtæki verða skylduð til að taka upp frekari flokkun úrgangs og við þurfum mjög fljótlega að taka upp aðgerðir á því sviði, bæði á svæðis- og landsvísu.

Annað nýmæli í gjaldskrár okkar er sú að við getum boðið fyrirtækjum og atvinnurekstri upp á að tæma rotþrór tengdum þessum rekstri samhliða því að rotþró sé tæmd við íbúðar- eða sumarhús. Það eru víða rotþrær við fjós, gróðurhús eða aðra starfssemi sem ekki eru lögð rotþróargjöld á, en það er margfalt ódýrara og hentugra að taka þetta samhliða ef það er hægt. Við verðum í sambandi við þá aðila sem þetta á við en það er mikil ávinningur fyrir umhverfið að þessi „áburður“ endi upp í landgræðslugirðingu.

Síðan hvet ég alla íbúa og gesti okkar að nýta sér þá aðstöðu sem sveitarfélagið býður upp á. Hvort sem um er að ræða bókasafnið, sundlaugina, íþróttahúsið, tækjasalinn, félagsheimilið, félagsmiðstöðina, starf eldri borgara í Heimalandi eða koma við á skrifstofunni hjá okkur ef það er eitthvað sem við getum aðstoðað fólk með. Varðandi sundlaugina og íþróttahúsið í þessu sambandi vil ég upplýsa að við höfum, m.a. vegna ábendinga Ungmennaráðs Hrunamannahrepps, hækkað aldur þess sem nýtur barnagjalds að 18 ára aldri þannig að þeir sem skilgreindir eru sem börn njóti þess. Vonandi verður þessi aðgerð einnig til þess að stuðla að því að ungmennin okkar noti þessa aðstöðu sveitarfélagsins enn betur. Að lokum vil ég hrósa Hrunamönnum fyrir kosningabátttökuna í Alþingiskosningunum. Þátttakan var 85% sem er langt yfir landsmeðaltali. Á það verður að líta að lýðræðið virkar ekki nema fólk taki þátt. Njótum skammdegisins saman til uppbyggilegra hluta.


Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

Atvinna

Íþrótt- og áhaldahús

Hrunamannahreppur óskar eftir starfsmanni í 100% starf í íþrótt- og áhaldahúsi. Annars vegar er um að ræða 80% starf sem húsvörður í íþróttahúsinu á Flúðum og hins vegar 20% starf í áhaldahúsi. Laun eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is.

Umsóknnum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 18. nóvember n.k.



Íbúð til leigu í Heimalandi.
Laus er til umsóknar íbúð fyrir eldri borgara,
í Heimalandi á Flúðum.
Áhugasamir hafi samband við skrifstofu
Hrunamannahrepps í síma 480 6600



Hreppamaðurinn.

Hreppamaður heitir blað
hendingar og ræður.
Kæru vinir kaupið það
konur, menn og bræður.

Öll 12 rit Bjarna Guðmundssonar frá Hörgsholti fást ennþá í Þverspymu
á 4000 kr. öll ritin. Tilvalið í jólapakkann.

Allur ágóði fer til líknarmála.

Verið velkomin. Guðrún Þorsteinsdóttir Þverspymu. Sími: 486 6735



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Hélsúnd frá landsnámi



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og
Skeiða og Gnúpverjahr.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting
– Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.
Tímapantanir í Síma 856-1599



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á
www.upplit.is –allir velkomnir





Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.



gretagisla.is

Nýkomin úr prentun!!!
Jóla kort Grétu fást í Gamla fjósinu í Hruna. Verið velkomin!


Hin árlega folaldasýning Hrossaræktarfélags Hrunamanna verður haldin í Reiðhöllinni á Flúðum sunnudaginn 13.nóvember kl.13:00.

Skráningargjald er kr: 1500 pr folald.

Inngangseyrir kr: 500.- frítt fyrir 13 ára og yngri.

skráning skal fara fram fyrir föstudagskvöld á

skollagrof@skollagrof.is



Hrossaræktarfélag Hrunamanna fyrirhugar að fara í "Vísindaferð"

laugardaginn 19.nóvember . Áhugasamir taki daginn frá, en nánari upplýsingar verða sendar félagsmönnum í tölvupósti þegar nær dregur.

Stjórnin



© Can Stock Photo - csp18190267

Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Er við á miðvikudögum

Pantanir í síma: 863 0433.

Athugið!! gjafakort til sölu.

Allir velkomnir!

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga 09:00-19:00

Laugardaga 10:00-19:00

Sunnudaga 10:00-18:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax

á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



**RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS**

**TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU**



**SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA**

**JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS**

**SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.**

**RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS**


Kveðjuhóf til heiðurs læknunum Gylfa og Pétri 30. nóvember í Aratungu.

Læknarnir okkar í uppsveitunum Árnessýslu til meira en 30 ára, þeir Gylfi Haraldsson og Pétur Skarphéðinsson eru að láta af störfum um þessar mundir. Þeir hafa verið einstaklega farsælir í sínum störfum og hlúð að heilsufari íbúanna með miklum sóma. Það má því ekki minna vera en þeir verði heiðraðir með kveðjuhófi.

Hófið verður haldið miðvikudaginn 30. nóvember í Aratungu með fjölbreyttri dagskrá og kaffiveitingum og hefst það kl 19:00

Veislustjóri verður Halldór Páll Halldórsson rektor Menntaskólans á Laugarvatni

Við vonumst til að íbúar í læknishéraðinu sjái sér fært að mæta.



Undirbúningsnefndin

Leikskólafréttir

Tíminn flýgur áfram.....nú er kominn

nóvember og hér á leikskólanum er alltaf líf

og fjör. Núna eru 39 börn í vistun hér hjá okkur en einhverjar breytingar eru framundan.

Starfið á leikskólanum einkennist af gleði og samkennd, allir snúa bökum saman og við vinnum sem heild.

Starfsmenn leikskólans hafa verið duglegir að sækja námskeið. Haustþingið er alltaf vel sótt og margir áhugaverðir fyrirlestrar í boði. Skólalajónusta Árneshvíls býður upp á námskeið og svo eru alltaf einhver námskeið í boði á vegum annarra.

Reglulegar heimsóknir eru milli elstu barna í leikskólanum og yngstu í grunnskólanum og við förum í íþróttahúsið einu sinni í viku.

Elstu börnin fara líka reglulega á bókasafnið.

Nú styttist í adventuna en við ætlum að taka því rólega og vera slök hvað varðar jólaundirbúning, ætlum ekki að byrja að syngja jólalöginn fyrr en adventan gengur í garð og við setjum upp jólaljósinn.

Þangað til næst ☺ Ingibjörg Bjarney leikskólustjóri



Málverk og hugverk í Hruna: Drög að tilveru

Elín Una Jónsdóttir og Gréta Gísladóttir opna sýningu á myndlist og orðum í Gamla fjósinu í Hruna laugardaginn 26. nóvember kl. 13:00 - 16:00.

Elín Una er íslenskukennari í FSu. Hún hefur raðað saman orðum, flestum á ferðum sínum til og frá vinnu í haust og sýnir nú afrakstur þess þúsluspils: Drög að ljóðum.

Gréta er starfandi myndlistarmaður. Myndefnið í verkum hennar speglar yrkisefnið í drögum Elínar Unu að ljóðum. Gréta veltir fyrir sér tilverunni blákaldri og snertanlegri og einnig óáþreifanlegum leik hugans. Þarf tilveran kannski að vera snertanleg svo hún eigi sér tilvist?



Ég

*Inni í mér
eru tvær konur ...*

Kvenfélag Hrunamannahrepps óskar eftir umsóknum í Freyjusjóð frá 15 nóv til 15 desember.

Sjá nánar um lög Freyjusjóðs á www.fludir.is undir menningar og mannlíf.

Þar eru upplýsingar um sjóðinn og umsóknareyðublöð.

Fyrirspurnir má senda á netfang Kvenfélags Hrunamannahrepps sem er kvhrhr@gmail.com

Hvetjum við ungar konur á aldrinum 16-25 ára til að sækja um og gera vandaðar umsóknir.

Feðgar á ferð á DVD diskum

Fréttamaðurinn Magnús Hlynur Hreiðarsson og sonur hans, Fannar Freyr hafa gefið út DVD disk með þáttum sínum „Feðgar á ferð“, sem sýndir voru á Stöð 2 sumarið 2015 og 2016. Um er að ræða tvo diska með tuttugu þáttum þar sem skemmtilegt og jákvætt fólk er heimsótt. Þeir sem eru ekki með Stöð 2 og hafa því misst af þáttunum geta nú horft á þá alla.



Í þáttunum eru 16 systkinin frá Kjóastöðum m.a. heimsótti, 80 ára afmæli Björns bónda í Úthlíð er gerð góð skil, farið er í sauðburð á Skarð í Landsveit, Guðni dósasafnari á Þverlæk er heimsóttur, 15 ára myntsafnari í Flóanum er sóttur heim og einn þáttur er um skrytnustu hunda landsins og annar um þá staðreynd að ekkert kynlíf er á himnum, svo eitthvað sé nefnd. Diskarnir verða seldir í gegnum heimasíðuna www.fedgaraferd.is og í Krónunni á Selfossi og í Krónunni í Lindahverfinu í Kópavogi.

Feðgar á ferð – jólagjöfin 2016



HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar. Þar sem óðum styttist í jólaföstu vil ég vekja athygli á eftirfarandi:

Sem fyrr verður hægt að kveikja á rafljósum í kirkjugörðum prestakallsins nú á aðventunni. Til að standa straum af kostnaði vegna rafmagnsnotkunar ofl. hafa sóknarnefndir prestakallsins ákveðið að setja upp 1000 kr. gjald fyrir hvern leiðiskross sem tengdur er við rafmagn. Er fólk beðið um að leggja upphæðina inn á reikning viðkomandi kirkjugarðs.

Stóri-Núpur: 0152-05-264429 kt. 491098-3339

Ólafsvellir: 0152-15-371512 kt. 490269-3399

Hruni: 0325-26-18952 kt. 640169-2229

Hrepphólar: 0325-26-9068 kt. 640169-3039

Að venju verður helgistund í Hrepphólakirkju í tengslum við ljósendrun á leiðum í garðinum þar og verður hún laugardaginn 26. nóvember kl. 15. Kaffihressing á eftir.

Á fyrsta sunnudegi í aðventu, **27. nóvember nk., verður aðventukvöld í Hrunakirkju kl. 20:30. Ræðumaður: Egill Helgason, stjórn-málaskýrandi og umsjónarmaður Kiljunnar.** Kirkjukórinn syngur aðventu- og jólalög. Flutt verður jólasaga. Léttar kaffiveitingar í safnaðarheimili Hrunakirkju á eftir.

Árlegt aðventukvöld verður haldið í Félagsheimilinu í Árnesi á öðrum sunnudegi í aðventu, 4. desember nk. kl. 20. Ræðumaður: Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri á Suðurlandi. Sem fyrr munu nemendur úr Þjórsárskóla setja sterkan svip á samkomuna með leik og söng en auk þess munu fermingarbörn sýna helgileik. Þá mun kirkjukórinn syngja undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur.

Allar upplýsingar um kirkjustarf í prestakallinu má nálgast á heimasíðunni hruni.is og á [facebook.com/hrunaprestakall](https://www.facebook.com/hrunaprestakall).

Sjáumst í kirkjunni!

*Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur*

Frá Félagi eldri Hrunamanna

„Opið hús“

Næsta opna hús verður miðvikudaginn 16. nóvember kl. 14:00.

Þá kemur Hjördís Geirs og syngur, spilar og segir skemmtisögur.

Gestir okkar verða heldri borgarar í Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Biskupstungum og frá Laugarvatni.

Að lokum verður kaffi og meðlæti til sölu.

Nú er bara að koma og eiga góða síðdegisstund.

Með bestu kveðjum, stjórnin

Jóga

Jóga hefst fimmtudaginn 17. nóvember kl. 10:00. Kennt verður í kjallara Heimalands. Allar æfingar eru gerðar ýmist sitjandi eða standandi.

Kennari er Lára Hildur Þórsdóttir.

Ekki þarf að tilkynna þátttöku.

Stjórnin

Hvatagreiðslur!

Foreldrar barna í Hrunamannahreppi á aldrinum 6-16 ára.

Minum á að hægt er að sækja um hvatastyrk til 1. desember, vegna haustannar 2016.

Hægt er að nálgast reglur vegna hvatagreiðslna og umsóknareyðublöð á fludir.is
Skrifstofa Hrunamannahrepps

*Hið árlega Jólakaffi sem Hótel Flúðir bjóða
eldriborgurum í Hrunamannahreppi uppá
verður laugardaginn 10 desember kl. 16:00*

*Við hlökkum til að taka á móti ykkur og eiga með
ykkur hátíðlega stund.*

Margrét og Guðmundur



Minnibóltaíð UMFH í karlaflokki



Frá bridgeklúbbi Hrunamanna.

Vetrarstarfið er komið á fullt og byrjaði veturinn á tveggja kvölda upphitunnar tvímenningi þar sem úrslit urðu: Þóra



Þórarinsdóttir og Valdimar Stefán Sævaldsson í fyrsta sæti með 188 stig , í öðru sæti Guðmundur Böðvarsson og Elín Kristmundsdóttir og í þriðja sæti urðu höfðingjarnir Karl Gunnlaugsson og Pétur Skarphéðinsson.

Við tók svo tveggja kvölda aðaleinmenningur og var mikið fjör og sviptingar en úrslitin eru svo hljóðandi: 1 sæti Valdimar Stefán Sævaldsson með 162 stig , annað sætið kom í hlut Viðars Gunngæirssonar með 144 stig og rétt á eftir kom okkar þjónandi læknir Pétur Skarphéðinsson með 135 stig.

Við tekur svo fimm kvölda KAFFI GRUNDAR haust tvímenn-ingur og gilda 4 bestu kvöldin.Ég vil hvetja alla sem hafa áhuga á að læra bridge að hafa samband við okkur og við munum reyna að koma á námskeiði. Einnig þeir sem hafa gaman af að spila en eru hikandi að taka skrefið, endilega hafið samband við Valdimar Stefán Sævaldsson á póstfangið: stresskow@hotmail.com, eða í síma 8980370.

Með von um jákvæð viðbrögð,
Stebbi spilastjóri.

Sundlaugin á Flúðum.

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Mánudaga - fimmtudaga 16:00-21:30.

Föstudaga: 13:00-18:00

Opið um helgar ef mót eru í gangi
í húsinu



Aðventukvöld Grund, Flúðum



**Föstudagskvöldið 2. desember og
laugardagskvöldið 3. desember
þjóðum við upp á aðventumat
á kr. 5.900,- á mann.**

Forréttir

*Tvíreykt hangikjöt, villibráðabollur, grafið lamb,
síldarréttir, reyktur urriði, grafinn lax.*

Aðalréttir

Villijurtakryddað lambalæri, fyllt kalkúnabringa, léttreiktur svinahnakki.

Eftirréttir

Súkkulaðimús, heit eplakaka, kaffi og smákökur.

**Bjartur Logi, trúbador, sér um tónlistina.
Pöbbakvöld að loknu borðhaldi.**

Borðapantanir í síma 565 9196 / 896 1286 / 896 7394

Jólaortamyndatökur 2016





22.000 kr

Innifalið:

5 fullunnar myndir í lit og svarthvítu,
tilbúnar til framköllunar

- Persónuleg hönnun á jólakorti
- Myndatakan getur bæði farið fram
í stúdíói eða úti í náttúrunni

Tilvalið í pakkann til ömmu og afa



Jólahlaðborð Kaffi-Sels

Komum saman og eigum gúfa stund í aðdraganda jólaanna.

Matsedill

Fordrykkur
Humarsúpa
Lax, reyktur og grafinn
Hangikjöt
Fyllt lambalæri
Purusteik
Kalkúnabringa
Fjölbreytt meðlæti og eftirréttir.

Verð er 6.900 kr./mann,
fordrykkur innifalinn.

Eldamennskan mun einkennast af
kærleik og jólaanda



Föstudaginn 25. og laugardaginn 26.
nóvember býður Kaffi-Sel, Efra-Seli við
Flúðir, upp á jólahlaðborð og í kjölfarið
léttu kráarstemmingu.

Tilvalið fyrir
einstaklinga og
fyrirtækjahófa
að njóta
góðra veitinga
í upphafi
adventunnar.

Karl Hallgrímsson tónlistarmaður leikur
ljúfa tónlist við borðhaldið og síðar um
kvöldið tekur önnur stemming við þar
sem Karl leikur hressa tónlist fram eftir
kvöldi, eins og honum
er einum lagið.



Allir velkomnir!

Húsið opnar kl. 18.00.

Borðhald hefst kl. 19.00.

Borðapantanir eru í síma 661 5935 (Unnsteinn) og 846 9321 eða á netfangið pantanir@kaffisel.is



Hrútasýning í Reiðhöllinni



Frá minni bolta móti kvenna , en það er stærsta mót, sem haldið hefur verið í Íþróttahúsinu á Flúðum. 33 lið frá 16 félögum.